

sinni. Þegar slysið varð, stundaði Sigmundur hlaupavinnu, en var hvergi fastráðinn. Að framanskráðu athuguðu þykja bæturnar undir þessum lið hæfilega ákveðnar kr. 12000.00.

Um 2. Jafnvel þótt fallast megi á það með stefndum, að liður þessi sé mjög hár, þá þykir þó verða að taka hann til greina óskertan, þaræð lagðir hafa verið fram reikningar um kostnaðinn, og hann mun ekki hærri en almennt gerist hér í bænum.

Telur rétturinn samkvæmt framansögðu tjón stefnanda af framangreindu slysi hafa numið kr. 12697.00. Greiðsla frá slysatryggingu ríkisins, kr. 4300.00, kemur hér til frádráttar, og eru þá eftir kr. 8397.00, en helming þeirrar upphæðar, eða kr. 4198.50, ber að dæma stefndan til að greiða stefnanda ásamt 5% ársvöxtum frá útgáfudegi stefnu til greiðsludags og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 350.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefndur, Halldór Sveinsson, greiði stefnanda, Nancy Sigurðsson, kr. 4198.50 með 5% ársvöxtum frá 22. desember 1937 til greiðsludags og kr. 350.00 í málskostnað — allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 9. febrúar 1940.

Nr. 95/1938. **Ingibjörg Bjarnadóttir**

(Guðmundur Í. Guðmundsson)

gegn

Gunver E. Limkær

(Einar B. Guðmundsson).

Ómörking héraðsdóms og heimvísun málsins.

Dómur hæstaréttar.

Héraðsdómurinn er kveðinn upp í bæjarþingi Reykjavíkur af hinum reglulega héraðsdómara, Birni lögmanni Þórðarson.

Áfrýjandi hefir skotið máli þessu til hæstaréttar með stefnu 21. sept. 1938 og krafizt þess: *Aðallega* að héraðsdómurinn verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til endurupptöku og álagningar dóms að efni til bæði á aðalkröfu og gagnkröfu, en *til vara*, að hún verði sýknuð af kröfum stefndu í málinu. Svo krefst hún og málskostnaðar af stefndu bæði í héraði og fyrir hæstarétti, hvor krafan, sem til greina yrði tekin.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda í hæstarétti eftir mati dómsins.

Aðilja greinir á um það, eins og í héraðsdóminum getur, hvort stefnda hafi ráðizt til áfrýjanda óákveðinn tíma eða eitt ár. Stefnda kemst svo að orði í greinargerð sinni í héraði um ráðningarkjörin: „Aftalen blev som flg. 110 Kr. pr. Mdr. samt fri Station og Hen- og Hjemrejsen betalt paa II. Klasse paa 1 Aar.“ Nánar skýrir hún þetta þannig, að ráðningartíminn hafi verið óákveðinn, en að hún hafi því að eins átt rétt á að fá heimfararkostnað greiddan, að starfstíminn yrði eitt ár. Firma það í Kaupmannahöfn, Ludvig Melchior, er hafði milligöngu um ráðningu stefndu til áfrýjanda, hefir hinsvegar vottað það, að umsaminn ráðningartími hafi verið eitt ár. Þar sem það er mjög ósennilegt, að áfrýjandi hefði gengizt undir að bera kostnað af för stefndu út hingað, ef starfstíminn skyldi vera óákveðinn, og með því að umsögn stefndu sjálfrar um þetta atriði ráðningarsamningsins er ekki skýr, svo og með skirskotun til framangreinds vottorðs firmans Ludvig Melchior, þá þykir mega telja víst, að staðhæfing áfrýjanda um ráðningartímann sé rétt. Var stefndu því óheimilt

að láta af starfi sínu hjá áfrýjanda þann 15. apríl 1938.

Í héraði hafði áfrýjandi uppi skaðabótakröfu, að fjárhæð 1000 krónur, á hendur stefndu til skuldajafnaðar, eftir því sem með þyrfti, til þess að hún yrði sýknuð af kröfum stefndu í málinu. Héraðsdómarinn taldi skorta þá greinargerð um gagnkröfu þessa, að efnisdómur yrði á hana lagður. Bar honum þess vegna samkvæmt 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 að kveðja aðilja fyrir dóm og veita stefndu í héraði kost á að bæta úr því, er hann taldi áfátt vera málflutningi hennar. Þetta hefir héraðsdómarinn ekki gert, heldur í raun rétttri frávísað gagnkröfunni. Verður því að ómerkja héraðsdóminn og leggja fyrir héraðsdómarann að hafa þá meðferð á málinu, er í 120. gr. nefndra laga segir, og leggja síðan efnisdóm bæði á aðalkröfuna og skuldajafnaðarkröfuna.

Samkvæmt þessum málalokum þykir rétt að dæma stefndu til að greiða áfrýjanda kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Héraðsdómurinn á að vera ómerkur, og er málinu vísað heim í hérað til meðferðar samkvæmt 120. gr. laga nr. 85 frá 1936 og til dómsálagningar að efni til bæði um aðalkröfu og skuldajafnaðarkröfu málsins.

Stefnda, Gunver E. Limkær, greiði áfrýjanda, Ingibjörgu Bjarnadóttur, kr. 150.00 í málskostnað fyrir hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 24. júní 1938.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. þ. m., er eftir árangurslausa sáttaumleitun höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 3. maí 1938, af ungfrú Gunver E. Limkær hér í bæ gegn frú Ingibjörgu Bjarnadóttur, Austurstræti 8 hér í bænum, til greiðslu ógoldins kaups fyrir marz og hálfan aprilmánuð 1938, samtals að upphæð kr. 165.00 með 5% ársvöxtum frá sáttakæruðegi, 26. apríl 1938, til greiðsludags, og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefnd krefst sýknu og málskostnaðar að skaðlausu.

Málsatvik eru þau, að haustið 1937 réðst stefnandi, sem þá var búsett í Kaupmannahöfn, sem hattasaumakona til stefndrar, sem rekur hattasaumastofu hér í bænum. Skyldi kaup hennar vera kr. 110.00 á mánuði auk fæðis og húsnæðis og ferðakostnaðar. Fór stefnandi síðan frá Kaupmannahöfn þann 22. september og hóf starf sitt hjá stefndri í saumastofu hennar hér í bænum þann 28. september 1937. Með bréfi, dagsettu 14. marz 1938, sagði stefnandi upp stöðu sinni hjá stefndri frá 1. apríl s. á., en framlengdi síðan uppsagnarfrestinn í samráði við málflutningsmann sinn til 14. apríl, og varð hann þannig einn mánuður til 14. apríl að telja. Í framhaldi af uppsögninni og nýgreindri framlengingu uppsagnarfrestsins hætti stefnandi síðan störfum hjá stefndri þann 14. apríl 1938, en átti þá inni kaup sitt fyrir allan marz og hálfan apríl 1938, eða samtals kr. 165.00. Hefir stefnd reynzt ófáanleg til að greiða stefnanda þessar kaupeftirstöðvar, og hefir stefnandi því höfðað mál þetta og gerir í því áðurgreindar réttarkröfur.

Stefnd viðurkennir að skulda stefnanda hina umstefndu upphæð, en byggir hinsvegar sýknukröfu sína á því, að hún eigi gagnkröfu á hendur stefnanda, sem sé mun hærri en stefnukrafan, og krefst hún þess, að svo miklum hluta hennar verði skuldajafnað við stefnukröfuna, að nægi til sýknu sér í máli þessu, og áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast mismunarins í sérstöku máli. Gagnkröfuna virðist stefnd telja kr. 1000.00, og byggir hún hana á því, að stefnanda hafi verið með öllu óheimilt að fara frá sér, þegar hún fór. Kveður hún stefnanda hafa verið ráðna hjá sér til eins árs, þótt hún mótmæli því nú, en ef það þætti ekki sannað, þá telur hún þó, að telja yrði, að hún hefði verið ráðin til óákveð-

ins tíma, og ef svo hefði verið, telur hún, að henni hefði borið að segja upp starfinu með minnst þriggja mánaða fyrirvara. Það verði því undir öllum kringumstæðum að líta svo á, að stefnandi hafi farið fyrr frá sér en henni hafi verið heimilt, og af þeim sökum kveðst hún hafa beðið mikið tjón, sem stefnanda beri að bæta sér, en kr. 165.00 af upphæð þess tjóns vill hún, eins og áður segir, nota til skuldajafnaðar og byggir sýknukröfuna á því, að sér sé það heimilt.

Í málinu hefir stefnd lagt fram „*reikning*“ til stefnanda, sem virðist vera einskonar áætlun hennar um tjón það, er hún biði við, að stefnandi skyldi ekki vera kyrr hjá henni til septemberloka 1938, eins og hún telur, að henni hafi borið. Tekur „*reikningurinn*“ til samtals fimm heilla vinnu-mánaða og sýnir „*hreint tjón*“ kr. 1000.00, eða meðaltjón á mánuði kr. 200.00. „*Reikningur*“ þessi er ekki studdur af neinum gögnum og virðist vera gerður alveg af handahófi, þótt svo virðist, að stefnd hefði haft tök á að rökstyðja hann a. m. k. að einhverju leyti, t. d. með umsögn fagmanna, afriti af rekstrarreikningi saumastofu sinnar, skattaframtali sínu fyrir síðasta ár eða einhverju þessháttar. Með tilliti til þessa svo og þess, að stefnandi hefir mótmælt „*reikningnum*“ sem „*hreinustu fjarstæðu*“, virðist réttinum þessi áætlun ekki vera þess eðlis, að unnt sé að gera sér nokkra grein fyrir því eftir henni, hvert tjón stefndrar hefði verið við það, að stefnandi fór frá henni á áðurgreindan hátt. Þykir því ekki unnt að leggja dóm á hugsanlega gagnkröfu stefndrar í máli þessu, jafnvel þótt athugun á málsatvikum leiddi til þess, að stefnandi yrði talin hafa sagt ólöglega upp starfi sínu, og er því ekki ástæða til að taka það atriði til athugunar hér, en um það hafa aðiljar mikið deilt.

Verða málalok því þau, að stefnd verður dæmd til að greiða stefnanda hina umstefndu upphæð með umkröfðum vöxtum og málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 60.00.

Því dæmist rétt vera:

Stefnd, Ingibjörg Bjarnadóttir, greiði stefnanda, Gunver E. Limkær, kr. 165.00 með 5% ársvöxtum frá 26. apríl 1938 til greiðsludags og kr. 60.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.